

STJÓRNARTÍÐINDI B 64 – 2002

21. maí 2002

1093

Nr. 375

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 98/2000
um innritun nemenda í framhaldsskóla.**

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Skólameistara er heimilt að setja skilyrði í skólanámskrá til viðbótar því sem segir í 2. gr. til inngöngu á starfsnámsbrautir. Slík skilyrði skulu miðast við frammistöðu nemenda í verk- eða listgreinum í grunnskóla og/eða aðra þætti sem snerta sérsvið brautarinnar sérstaklega eða starfspjálfun sem henni tengist.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Á meðan ekki eru haldin samræmd lokapróf í samfélagsgreinum miðast ákvæði 3. gr. b-liðar við skólaeinkunn við lok grunnskóla eingöngu.

3. gr.

Með reglugerð þessari hefur reglugerð nr. 98/2000 um innritun nemenda í framhaldsskóla verið endurskoðuð í samræmi við 10. gr. hennar. Reglugerð þessi er sett samkvæmt 15. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 21. maí 2002.

Tómas Ingi Olrich.

Örlygur Geirsson.

21. maí 2002

Nr. 376

AUGLÝSING

**um staðfestingu úthlutunarreglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna
fyrir skólaárið 2002-2003.**

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna með áorðnum breytingum hefur menntamálaráðherra hinn 21. maí 2002 staðfest úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 2002-2003 samkvæmt fylgiskjali með